



Svar við fyrirspurn

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri

Efni: Svar við fyrirspurn um akstursþjónustu aldraðra

Á. 357. fundi velferðarráðs þann 21. ágúst 2019 lagði fulltrúi Flokks fólksins fram eftirfarandi fyrirspurn:

„Í svari segir að samkvæmt lykiltölum sviðsins fyrir janúar til júní 2019 þá hafi rúmlega 500 manns nýtt sér ferðaþjónustu á vegum borgarinnar og farnar hafi verið 14 þúsund ferðir. Áhugavert væri að fá sundurliðun á þessum ferðum t.d. hve stór hluti þeirra er á menningarviðburði og eru þessi 500 allir íbúar íbúakjarna borgarinnar?“

Svar

Upplýsingarnar sem fulltrúi Flokks fólksins vísar til eiga við um akstursþjónustu aldraðra þ.e. að frá janúar til júní 2019 hafi 505 notendur farið 14.109 ferðir. Hér er því eingöngu um að ræða akstursþjónustu aldraðra en ekki akstursþjónustu fatlaðs fólks. Ekki er safnað upplýsingum um hver erindi þessara ferða eru t.d. hvort viðkomandi sé að fara á menningarviðburði. Af þeim 505 einstaklingum sem nýttu sér akstursþjónustu aldraðra á tímabilinu búa 69 í þjónustuíbúðum aldraðra og fóru þeir samtals 2.401 ferð.